

9. gr.

69

Ef ábúendur einhverra jarðanna afgirða beutilönd sín, svo að þeir hafi sauðfé sitt innan girðingar vor og haust, skulu þeir eiga rétt til að fá hlutfallslega eign sína í samgirðingunni útborgaða, samkvæmt þágildandi mati á girðingunni. Hlutfallsleg eign hverrar jarðar telst samkvæmt samanlagðri afborgun á upphaflegum kostnaði við lagningu girðingarinnar, móti þá gildandi mati á girðingunni, þegar eignaskipta er krafizt. Þó getur félagið áskilið sér rétt til að afborga slíkar kröfur með jöfnum afborgunum í 5 ár vaxtalaust.

17. júlí

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð, samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

70

28. júlí

um

niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Vatnsskatt skal árlega greiða af öllum húsum í landareign jarðanna Hvanneyri og Höfn.

Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Skatturinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla í húsum, ef þær eru notaðar til iðnaðar.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í flokka eftir virðingarverði þeirra, og vatnsskattur goldinn af þeim sem hér segir:

1. fl. Hús, sem virt eru allt að 7500 kr. 3‰.
2. fl. Hús, sem virt eru yfir 7500 kr. til 10000 kr. 2½‰.
3. fl. Hús, sem virt eru yfir 10000 kr.:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðs 2‰.

— næstu 10000 kr. virðingarverðs 1½‰.

— því sem þar er yfir 1‰.

Af verksmiðjum er vatnsskattur tvöfalt hærri.

Af húsum og fyrirtækjum, sem bærinn á að meiru en helmingi, greiðist ekki vatnsskattur.

70

28. júlí

3. gr.

Af hverri síldartunnu frystri, kryddaðri eða sykursaltaðri í Siglufirði greiðist 6 aurar í vatnsgjald, en af hverri saltaðri síldartunnu 3 aurar. Af hverjum 250 kg. söltuðum og frystum fiski 10 aurar. Af annari iðju eða öðrum atvinnufyrirtækjum, sem nota vatn, skal greiða aukagjald samkvæmt samningi við bæjarstjórn Siglufjarðar.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi ber ábyrgð gagnvart kaupstaðnum á greiðslu vatnsskatts af síld og fiski samkvæmt 3. gr. Eigandi framleiðslustöðvar, íshúss, verksmiðju, ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur í gjalddaga.

5. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 3 kr. fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Þó sé minnsta gjald 5 kr. fyrir fiskiskip og 15 kr. fyrir önnur skip. Heimilt er bæjarstjórn að veita ívilnun á vatninu, ef skip taka vatn að mun í einu. Skip, sem vatnsveitan hefir afhent vatn, má ekki fara af höfninni, fyrr en vatnsgjaldið er greitt.

6. gr.

Gjaldárið er almanaksárið. Gjaldnagi vatnsskatts húsa er 1. júlí árlega, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 3. og 5. gr. fellur í gjalddaga þegar krafizt er.

7. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%, þó má vatnsskattur húsa aldrei fara yfir 6% við hækkunina.

8. gr.

Skylt er sérhverjum framleiðanda vatnsskattsskyldrar framleiðslu að hafa tilkynnt formanni vatnsveitunefndar fyrir 1. sept. ár hvert, hve mikinn fisk og hve mikla síld hann hafi saltað, fryst eða verkað frá áramótum, og 2. desember skal hann senda tilkynningu um vatnsskattsskylda framleiðslu sína frá 1. sept. til 1. desember, við árslok á sumu leið. Sérhverjum eiganda framleiðslustöðva er skylt að senda formanni vatnsveitunefndar samskonar tilkynningar og í sama mund.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að vatn á bryggjur síldarstöðvar, fiskverkunarstöðvar, verksmiðjur, íshús og aðrar framleiðslustofnanir, verði aðeins selt um vatnsmæli, sem vatnsnotandinn kostar að öllu og heldur við. Bæjar-

stjórn ákveður gjaldið hjá hverjum vatnsnotanda fyrir sig. Þó má gjaldið, ef vatn er selt um mæli, eigi vera hærra en ein króna fyrir hverja smálest til verksmiðju, síldar og fiskverkunarstöðva. Heimilt er vatnsveitunefnd með samþykki bæjarstjórnar að semja um sérstakan afslátt af vatnsgjaldi. 70
28. júlí

10. gr.

Vatnsskatt, sem ekki er greiddur á gjalddaga má taka lögtaki hjá þeim, sem ábyrgð ber á greiðslu hans. Vatnsskattur húsa skal tryggður lögveðrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurétti fyrir hverskonar samningsveði eða aðfaraveði; sbr. lög 15, 1923 22. gr. 4. lið.

11. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu kaupstaðarins nema sá, er bæjarstjórn felur þann starfa á hendur.

12. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum, frá stopphana, vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra og með þeim útbúnaði, er hann telur tryggan.

13. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu borga eigi vatnsskatt, eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum eða nota vatn þannig eða hafa leiðslu þannig fyrirkomid, að óþrif hljótist af að álitu heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Bæjarstjórn hefir einkarétt til vatnssölu í kaupstaðnum og á höfninni.

15. gr.

Vatnsveitunefnd, vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

16. gr.

Hver, sem skemmir eða saugar vatnsæðar kaupstaðarins, vatnsþróna, brunahana, eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsveitunni til, skal greiða skaðabætur eftir mati tveggja manna útnefndra af bæjarfógeta Siglufjarðar, og skal sæta sektum, allt að 200 kr., nema þyngri refsingu varði. Sama gildir um þann,

70 er brýtur gegn einkarétti bæjarstjórnar til vatnssölu, eða vanrækir tilkynningar-
 28. júlí skyldu samkv. 8. gr., hefir hitaleiðslur eða aðrar leiðslur leyfislaust í sambandi við vatnsveituna, eða vanrækir aðrar skyldur, er hvíla á honum samkvæmt reglugerð þessari.

17. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð 30. júní 1921, um nið-
 urjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað með síðari breytingum og viðaukum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

71

31. júlí

REGLUGERÐ

um

bryggju við Flatey á Skjálfanda.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð og semur um borgun fyrir störf hans.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, tækjum hennar og allri notkun. Skal hann í öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar og ákvörðun hreppsnefndar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrir-
 mælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða lögmælt gjald og hlýta ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Njóta þau réttar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni; þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rétt til að leggja að bryggjunni tafarlaust, til þess að afhenda póstinn. Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.